

eftir því sem fullyrt var án mótmæla við munnlegan flutning þessa máls.

Samkvæmt framangreindu þykir aðalstefnandi með aðgerðaleysi sinu um 18 mánaða skeið hafa firrt sig rétti til að heimta hærri leigu en greidd hafði verið af hálfu aðalstefnda þann tíma með vitund forráðamanna aðalstefnanda, að því er ætla verður, og án mótmæla þeirra, svo að sannað sé. Ber samkvæmt því að sýkna aðalstefnda af kröfum aðalstefnanda.

Gagnsök. Samkvæmt því, sem hér að framan greinir, hefur gagnstefnandi greitt húsaleigu kr. 125.00 á mánuði til ársloka 1947, en fór þó úr íbúðinni 19. nóv. 1947. Telur hann sig því hafa ofgreitt húsaleigu frá þeim tíma, er hann fluttist úr íbúðinni, til ársloka 1947 með kr. 168.83, enda hafi hann farið úr íbúðinni síðar en gagnstefndi krafðist. Hefur gagnstefnandi höfðað gagnsök til sjálfstæðs dóms til heimtu á kröfu þessari.

Samkvæmt því, sem að framan greinir um aðalsök, þykir krafa þessi á rökum byggð, og ber því að dæma gagnstefnda til að greiða gagnstefnanda framangreinda upphæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Rétt þykir, að málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Magnús Jónsson, á að vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Verzlunarfélags Ólafsfjarðar, í aðalsök.

Í gagnsök greiði gagnstefndi, Verzlunarfélag Ólafsfjarðar, gagnstefnanda, Magnúsi Jónssyni, kr. 168.83.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. nóvember 1949.

Kærumálið nr. 17/1949.

Sigurður Guðmundsson

gegn

Ólafi Péturssyni og utanríkisráðherra.

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson

í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Um skyldu til framlagningar skjala.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 8. október þ. á., er hingað barst 18. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 151. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð,

upp kveðinn í bæjarþingi Reykjavíkur 3. okt. þ. á., í máli varnaraðilja Ólafs Péturssonar gegn sóknaraðilja, en með úrskurði þessum er hrundið kröfu sóknaraðilja um framlagningu skjala úr hendi utanríkisráðherra.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að lagt verði fyrir utanríkisráðherra að afhenda bæjarþinginu skjöl þau, sem krafizt er framlagningar á. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðiljans Ólafs Péturssonar eftir mati Hæstarétts.

Varnaraðiljar hafa báðir sent Hæstarétti greinargerðir. Krefjast þeir hvor í sínu lagi staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Ekki þykir fullyrðandi, að ekki kunni að felast í skjölum þeim, sem framlagningar er krafizt á, upplýsingar, sem áhrif geta haft um niðurstöðu málsins. Hins vegar kunna að vera í skjölunum atriði, sem varða hagsmuni ríkisins og leynt eiga að fara, sbr. lögjöfnun frá 126. gr., 1. og 2. tölul., laga nr. 85/1936. Þykir því rétt samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 149. gr. nefndra laga, að skjölin verði lögð fram fyrir héraðsdómara í trúnaði og að hann gegn fullkominni þagnarskyldu taki eftirrit af því úr skjölunum, sem skylt er og heimilt að leggja fram, ef slíku er til að dreifa, eða taki upp úr skjölunum skýrslu um þau atriði.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Varnaraðili, utanríkisráðherra, skal veita héraðsdómara færi á að kynna sér skjöl þau, sem framlagningar er krafizt á, og taka úr þeim eftirrit eða upp úr þeim skýrslur með þeim hætti, sem að ofan segir.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 3. október 1949.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 27. f. m., hefur Ólafur Pétursson hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, gegn Sigurði Guðmundssyni ritstjóra, Fálkagötu 1 hér í bænum, vegna ummæla í greinum, er birtust í dagblaðinu Þjóðviljan-

um hér í bænum dagana 27. marz, 6. apríl, 13. apríl, 28. apríl og 29. apríl sl., en stefndur var ábyrgðarmaður þess blaðs.

Hin umstefndu ummæli eru þessi:

Í 69. tbl., er kom út 27. marz sl., í nafnlausri grein með fyrirsögninni „Burt með leppstjórnina“ þessi ummæli:

„Lið þetta er m. a. skipulagt og þjálfað af morðingjanum Ólafi Péturssyni, sem ríkisstjórnin leysti úr 20 ára tukthúsi í Noregi, þar sem hann hafði á samvizkunni á þriðja tug mannslífa.“

Í 77. tbl., er kom út 6. apríl sl., í nafnlausri grein með fyrirsögninni „Nokkur dæmi um framkvæmd hins vestræna lýðræðis“ þessi ummæli:

„..... hershöfðinginn er fenginn beint frá Gestapo. „Íslenzki böðullinn,“ var hann kallaður í Noregi Dæmdur glæpamaður, fluttur frá Noregi til að gæta laga og réttar á Íslandi.“

Í 83. tbl., er kom út 13. apríl sl., í nafnlausri grein með fyrirsögninni „Dæmdur glæpamaður, nazistinn Ólafur Pétursson, krefst 75 þús. kr. skaðabóta af Þjóðviljanum, sem minnt hafði á fortíð hans að gefnu tilefni“ þessi ummæli:

„Þjóðviljinn hefur skýrt frá þátttöku nazistans Ólafs Péturssonar í hvítlíðasveitum Heimdallarskrílsins, mannsins, sem norskur dómstóll dæmdi í 20 ára hegningarvinnu fyrir að vera valdur að dauða á þriðja tugs norskra ættjarðarvina Íslenzkur njósnari með mörg norsk líf á samvizkunni Íslenzka njósnaranum, Ólafi Péturssyni, sem hefur mörg norsk mannslíf á samvizkunni“

Í 91. tbl., er kom út 28. apríl sl., í grein undirritaðri með dulnefninu „Suðurnesjamaður“ með fyrirsögninni „Hurfu til upphafs síns“ þessi ummæli:

„Jafnvel dæmdur glæpamaður eins og Ólafur Pétursson gerir sig gildan og stefnir Þjóðviljanum fyrir ummæli, sem hafa þann eina galla að vera allt of væg um hin óskynjanlegu illvirki þess manns.“

Í 92. tbl., er kom út 29. apríl sl., í grein undirritaðri með dulnefninu „Xy“ með fyrirsögninni „Glæpamaður í gróðahug“ þessi ummæli:

„Stórglæpamaður, sem í einu nágrannalandi okkar var sekur fundinn um dauða fjölda ungra frelsisvína“ „..... sem hefur sagt sannleikann um blóðferil hans.“

Stefnandi, sem telur ummæli þessi stórlega meiðandi og móðgandi fyrir sig, hefur gert þær dómkröfur, að stefndur verði dæmdur fyrir þau í þyngstu refsingu, sem lög leyfa, að meiðyrðin verði dæmd dauð og ómerk, að stefndur verði dæmdur til að greiða honum hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði, að stefndur verði dæmdur til að greiða honum bætur fyrir fjártjón og miska, að fjárhæð kr. 75.000.00, með 6% ársvöxtum frá 9. apríl sl. til greiðsludags og að stefndur verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi eða að mati dómarans.

Stefndur hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati dómarans.

Með bréfi, dags. 2. júní sl., fór lögmaður stefnds þess á leit við utan-

rikis- og dómsmálaráðherra, að hann yrði látinn fá til notkunar í málinu endurrit af öllum bréfum eða „nótum“, sem farið hefðu á milli utanríkisráðuneytisins og sendiherra Íslands í Noregi og milli sendiherra Íslands í Noregi og norskra stjórnvalda varðandi stefnanda, enn fremur skýrslur um önnur „orðskipti“, hvort sem þau hefðu verið skrifleg eða munnleg, sem fram hefðu farið milli íslenskra og norskra stjórnvalda óbeint eða með aðstoð sendiherra ríkjanna varðandi stefnanda.

Bréfi þessu svaraði utanríkisráðherra með bréfi, dags. 29. s. m., og neitaði þar að láta lögmanninn fá þessar skýrslur, þar sem þær væru þýðingarlausar fyrir mál þetta.

Á bæjarþingi hinn 15. sept. sl. krafðist lögmaður stefnds þess, að utanríkisráðherra yrði með úrskurði skyldaður til þess að leggja fram áðurgreind afrit og skýrslur til afnota í málinu. Kröfur þessar byggir stefndur á því, að skjöl þessi geti haft úrslitapýðingu fyrir málið. Stefndandi hafi haldið því fram, að hann hafi verið í ólöglegu haldi í Noregi og að ummæli þau, sem um hann hafi verið höfð og stefnt sé út af, séu ósönn. Stefndandi hafi hins vegar hlotið mjög þungan refsisdóm í Noregi. Íslensk stjórnvöld hafi fengið stefnanda afhentan, áður en hann hafi lokið að afplána refsisdóm þennan. Af þessu megi ætla, að utanríkisráðuneytið hafi í höndum gögn, er hafi verulega þýðingu um sekt eða sýknu stefnanda, en slík gögn hafi úrslitapýðingu í máli þessu.

Stefndandi hefur mótmælt því, að utanríkisráðuneytið verði skyldað til að leggja fram gögn þessi. Mótmæli sin byggir hann í fyrsta lagi á því, að stefndur hafi ekki gert nægilega grein fyrir skjölum þeim, er hann krefst framlagningar á. Hann krefjist framlagningar óákveðins fjölda skjala án þess að gera grein fyrir efni þeirra, eins og þó sé krafizt í 147. gr. einkamálalaganna. Þá krefjist stefndur að nokkru skýrslna, er virðast vera vitnaskýrslur og ekki komi til álita í þessu sambandi. Enn telur stefndandi, að synja beri þessari kröfu stefnds, þar sem hann hafi ekki sýnt fram á, hvaða málsatvik eigi að skýra með skjölum þessum.

Utanríkisráðuneytið, sem hefur verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum um þetta atriði, hefur mótmælt skyldu sinni til að leggja fram skjöl þessi og talið, að þau gætu enga þýðingu haft fyrir málið. Þá hefur ráðuneytið talið, að þótt svo yrði litið á, að skjöl þessi kynnu að hafa þýðingu fyrir niðurstöðu máls þessa, þá sé því þó eigi heimilt eða skylt að láta þau af hendi samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 149. gr. einkamálaganna.

Var atriði þetta síðan tekið til úrskurðar 27. f. m.

Í máli þessu er fram komið, að stefndandi, sem dvaldist um alllangt skeið í Noregi, var hinn 31. maí 1947 dæmdur af Bergen lagsogns lagmannsret í 20 ára hegningarvinnu fyrir brot gegn norskum lagaákvæðum. Dómi þessum virðist ekki hafa verið áfrýjað. Af hálfu íslenskra stjórnvalda virðast hafa verið gerðar tilraunir til að fá stefnanda afhentan. Hinn 8. ágúst 1947 var stefnanda, sem er íslenskur ríkisborgari, vísað úr landi í Noregi af norskum stjórnvöldum. Fór hann síðan hingað

til lands. Svo virðist sem kröfur íslenzkra stjórnvalda hafi meðal annars átt þátt í fyrrgreindri brottvísun stefnanda úr Noregi.

Þegar virt eru atvik máls þessa, sem þegar eru fram komin, verður ekki séð, að neitt hafi fram komið af hálfu aðilja, er bendi til, að skjöl þau, sem krafizt hefur verið framlagningar á, geti nokkru máli skipt um úrslit máls þessa, enda hefur stefnandi enn engin rök að því leitt, að hald hans í Noregi og refsidómur þar hafi verið ólögmætt.

Með vísan til þessa verður krafa stefnds um framlagningu fyrrgreindra skjala ekki tekin til greina.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Framangreind krafa stefnds, Sigurðar Guðmundssonar, um framlagningu skjala úr hendi Bjarna Benediktssonar utanríkisráðherra verður ekki tekin til greina.

Föstudaginn 11. nóvember 1949.

Nr. 7/1947. **Eyvindur Árnason** (Gústaf A. Sveinsson)
 gegn

Ara K. Eyjólfssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson og
hrl. Lárus Jóhannesson í stað hrd. Árna
Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Lóðamerkjamá. Krafa um brotnám mannvirkja. Ágrein-
ingur dómenda.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1947, gerir þær dómkröfur:

1. Að kveðið verði á um það með dómi, að mörkin milli lóðar hans, nr. 52 við Laufásveg í Reykjavík, og lóðar stefnda, nr. 19 B við Fjólugötu, liggi þar, sem stóð skíðgarður áfrýjanda milli lóðanna, þ. e. eftir línu hliðstætt (parall-elt) við Laufásveg, 27.64 metra frá þeirri götu, beint úr hlöðnum grjótgarði, er stóð suðaustan við Laufásstún, í steinsteypuvegg suðaustan við lóð áfrýjanda og lóð stefnda.